

## 5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

### **Áskorun um reglur um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara**

Aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 skorar á sveitastjórnir og stjórn FG að setja reglur um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara svo tryggja megi að stærð nemendahópa miðist við að hver einstaklingur fái notið sín sbr. Skólastefnu KÍ 2011-2014.

#### *Greinargerð:*

Nemendur eigi kost á sveigjanleika og skapandi skólastarfi þar sem lögð er áhersla á nám og kennslu við hæfi hvers og eins með fjölbreyttum og viðeigandi námsgögnum. Nemendur takist á við margvísleg viðfangsefni, fái tækifæri til sköpunar og þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.